

## REGLUGERÐ

**um (8.) breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.**

1. gr.

Töluliður 13 í fylgiskjali 1 orðist svo:

- |  |   |
|--|---|
| 13. a. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári   | 1 |
| b. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta úrgangsolíu á staðnum að magni 10.000 tonn á ári eða meira | 2 |
| c. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta úrgangsolíu á staðnum í minna magni en 10.000 tonn á ári      | 3 |
| d. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar                                     | 4 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. ágúst 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2015